

Nefndasvið Alþingis
Helga Þórisdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 11. mars 2003

Umsögn Laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á hegningarlögum nr. 19/1940; þskj. 918 - 567. mál., 128. löggjafarþing 2002-2003.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar, en umsagnarbeiðni mun í upphafi hafa misfarist, og er umsögn því svo seint á ferð.

Laganefnd tekur undir fyrirhugaða breytingu á almennum hegningarlögum að því er varðar nýja grein, 227. gr. a, sem ætlað er að sporna við mansali.

Þá sýnist laganefnd að til bóta sé lagfæring tæknislegs eðlis sem fyrirhuguð er skv. 1. gr. frumvarpsins, og tekur einnig undir fyrirhugaða breytingu í 5. gr. frumvarpsins, sem lýtur að því að gera tiltekna háttsemi sem nú er refsiverð gagnvart ungmennum 14-16, einnig refsiverða gagnvart 16 og 17 ára ungmennum.

Hins vegar getur laganefnd ekki mælt með þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á 200. og 201. gr. almennra hegningarlaga. Í fyrsta lagi telur laganefnd rétt að benda hér á eins og hún hefur iðulega gert áður í umsögnum sínum til allsherjarnefndar, að það er heldur óheppilegur sá háttur að endurskoða smáhluta löggjafar í einu fremur en að heildarendurskoðun fari fram. Má minna á umsögn nefndarinnar um breytingar sem urðu til hækkunar á refsímörkum í fíkniefnabrotum fyrir nokkrum misserum.

Laganefnd telur að síðastnefndar breytingar myndu ekki ná því markmiði sem að virðist stefnt samkvæmt frumvarpinu, enda er hér aðeins lagt til að refsímörk verði hækkuð að því er varðar tiltekin kynferðisbrot gegn börnum, en ekki öll. Þannig er engin breyting lögð til á 202. gr. laganna, sem þó er það ákvæði sem langoftast reynir á í framkvæmd. Hin fyrirhugaða breyting sjálf myndi heldur ekki að því er séð verður vera til þess fallin að hækka dæmdar refsingar fyrir kynferðisbrot gegn börnum yngri en 14 ára, þar sem brot gegn þeim sem ættu undir þau ákvæði sem fyrirhugað er að breyta, myndi einnig varða við 202. gr. (*concursum idealis*).

Telur laganefnd að heildarendurskoðun á refsímörkum XXII. kafla almennra hegningarlaga þyrfti að koma til, sé stefnt að hærri refsingum í tilteknum brotategundum kaflans. Laganefnd hefur af öðru tilefni bent á að tímabært sé að endurskoða refsímörk í hegningarlögunum í heild sinni.

Virðingarfyllt,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands _____
Jóhannes R. Jóhannsson, hrl.
formaður